

Sauðfjársetur á Ströndum ses



Söfnunar-, sýningar- og fræðslustefna 2013-2016

Samþykkt af stjórn 10. desember 2012



1. Kynning	s. 3
1.1. <u>Saga safnsins</u>	s. 3
1.2. <u>Stjórnskipulag</u>	s.3
1.3. <u>Núverandi húsakostur</u>	s.3
2. Safnið	s. 4
2.1. <u>Markmið</u>	s. 4
2.2. <u>Söfnunarsvæði</u>	s. 4
2.3. <u>Rannsóknir og rannsóknaraðstaða</u>	s. 4
3. Söfnunarstefna	s. 5
3.1. <u>Atvinnuhættir</u>	s. 5
3.2. <u>Vélar og landbúnaðartæki</u>	s. 5
3.3. <u>Heimilishald</u>	s. 5
3.4. <u>Ljós- og prentmyndir</u>	s. 5
3.5. <u>Skjöl og pappírsgögn</u>	s. 6
3.6. <u>Bækur, viðtöl og skáldskapur</u>	s. 6
3.7. <u>Flokkar utan söfnunarstefnu safnsins</u>	s. 6
4. Aðferðir við söfnun, forvörslu og grisjun	s. 7
4.1. <u>Aðferðir við söfnun</u>	s. 7
4.2. <u>Móttaka og skráning gripa</u>	s. 7
4.3. <u>Forvarsla og meðferð gripa</u>	s. 7
4.4. <u>Grisjun</u>	s. 7
4.5. <u>Millisafnalán</u>	s. 8
5. Sýningarstefna	s. 8
5.1. <u>Innihald sýninga</u>	s. 8
6. Fræðslustefna	s. 8
6.1. <u>Almennt</u>	s. 8
6.2. <u>Safnkennsla</u>	s. 9
6.3. <u>Útgáfa og framleiðsla</u>	s. 9
6.4. <u>Samstarf</u>	s. 9

1. Kynning

1.1. Saga safnsins

Eftir tæplega ársvinnu undirbúningshóps var þann 10. febrúar 2002 stofnað félag á Ströndum sem ber heitið *Félag áhugamanna um Sauðfjársetur á Ströndum*. Um þrjátíu manns gengu í félagið á stofnfundi. Söfnun muna, minja og mynda hófst á vordögum sama ár og félagið stóð síðan að formlegri stofnun safnsins *Sauðfjársetur á Ströndum* sem opnaði þann 23. júní 2002 sýningu í félagsheimilinu Sævangi við Steingrímsfjörð sem bar yfirskriftina *Sauðfé í sögu þjóðar*.

Haustið 2008 var ráðist í breytingar á stjórnskipulagi safnsins. *Félag áhugamanna um Sauðfjársetur á Ströndum* afsalaði rekstri safnsins og öllum eignum þess og skuldbindingum til sjálfseignarstofnunar sem fékk heitið *Sauðfjársetur á Ströndum ses*.

1.2. Stjórnskipulag

Sauðfjársetrið er sjálfseignarstofnun og minjasafn sem starfar eftir skipulagsskrá sem staðfest hefur verið af Safnaráði. Safnið er með sjálfstæðan fjárhag, starfar eftir safnalögum nr. 141/2011, lögum um menningarminjar nr. 20/2012 og siðareglum ICOM. Jafnframt starfar safnið eftir lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33/1999. Stjórn stofnunarinnar fer með málefni þess. Í stjórn eru 3 aðalmenn og 3 varamenn. Stjórn skiptir sjálf með sér verkum.

Sauðfjársetrið vinnur eftir starfsstefnu sem er endurskoðuð af stjórn og safnstjóra á fjögurra ára fresti. Söfnunar-, sýningar- og fræðslustefna er einnig samin og samþykkt af stjórn safnsins. Hana skal einnig endurskoða á fjögurra ára fresti.

1.3. Núverandi húsakostur

Félagsheimilið Sævangur; Sauðfjársetrið á 66,67% hlut í félagsheimilinu Sævangi í Tungusveit, en Sævangur er 439 m² bygging. Í húsinu er fastasýning safnsins, *Sauðfé í sögu þjóðar*, til húsa. Sævangur var reistur árið 1957 og þar var lengi öflugt félags- og skemmtanalíf, en heldur hallaði undan fæti er leið á síðasta áratug nýliðinnar aldar. Meðeigandi að húsinu (33,33% hlutur) er Ungmennafélagið Hvöt í Tungusveit.

2. Safnið

2.1. Markmið

Markmið Sauðfjárseturs á Ströndum er að safna, skrá, varðveita og miðla upplýsingum um muni, minjar, myndir, verkkunnáttu, frásagnir og aðrar heimildir sem hafa gildi fyrir sögu sauðfjárbúskapar í landinu. Sérstök áhersla er lögð á sögu og sérstöðu sauðfjárbúskapar í Strandasýslu í öllu starfi safnsins.

Strandasýsla er eitt ræktarlegasta svæði landsins hvað viðkemur sauðfjárbúskap. Safninu er ætlað að hafa jákvæð áhrif á ímynd og sjálfsmynd sauðfjábænda sem og menningu og mannlíf á starfssvæði sínu. Kappkosta skal að sýna hvernig allar hliðar sauðfjárbúskapar eru og hafa verið samofnar daglegu lífi og umhverfi bændafólks á Ströndum. Þessum markmiðum skal Sauðfjársetrið ná með margvíslegri verkefnavinnu, rannsóknum, miðlun og fræðslu.

Safn Sauðfjársetursins skal starfa allt árið og sýning þess vera opin í að minnsta kosti 3 mánuði á ári yfir sumarmánuðina. Safnstjóri skal starfa í að minnsta kosti 50% stöðu á ársgrundvelli.

2.2. Söfnunarsvæði

Söfnunarsvæði safnsins er Strandasýsla. Þar sem söfnunarsvæðið skarast við söfnunarsvæði annarra safna skal hafa í heiðri siðareglur ICOM – Alþjóðaráðs safna, eins og í öllu öðru starfi Sauðfjársetursins. Í kafla 3.10. í siðareglum ICOM (útg. 2004) segir að starfsfólk safna skuli viðurkenna og halda á lofti nauðsyn þess að eiga samstarf og samráð milli stofnana sem hafa sameiginleg svið og söfnunarstefnu. Sauðfjársetrið fer eftir þessu í einu og öllu og virðir þannig söfnunarsvið og svæði annarra safna og gerir sér grein fyrir að öflun safngripa verði í sumum tilvikum að vera í samráði við önnur söfn.

2.3. Rannsóknir og rannsóknaraðstaða

Safnið skal stuðla að, hvetja til og styðja við rannsóknir í samræmi við söfnunar- og sýningastefnu þess. Hvetja skal til að stundaðar verði rannsóknir á þeim gögnum, heimildum og munum sem safnið á og safnar.

Muna- og gagnageymsla ásamt vinnuaðstöðu fyrir fræðimenn sem rannsaka safneignir skal uppfylla kröfur samtímans um slíkt húsnæði. Safnið skal leitast við að eignast eintök af ritgerðum, skýrslum, greinargerðum og rannsóknarniðurstöðum sem verða til fyrir tilstilli safnsins eða með aðstoð þess.

3. Söfnunarstefna

3.1. Atvinnuhættir

Sauðfjársetur á Ströndum leggur áherslu á að safna munum, minjum, myndum og heimildum úr eftirtöldum flokkum:

Búskaparhættir. Safnað er heimildum, munum og minjum sem lýsa á skýran hátt starfsháttum og þróun sauðfjárþúska, með sérstakri áherslu á Strandasýslu. Árstíðabundin störf, verkfæri og verklag sauðfjárþúska við þau, m.a. við vorverk, sauðburð, heyskap, sláturtíð og vetrarverk, eru meðal áhersluþátta við söfnun.

Sauðfjárrækt. Safna skal munum, minjum og heimildum sem tengjast bændamenningu, félagsstörfum bænda, sauðfjárræktarfélagum og annarri starfsemi tengdri sauðfjárrækt, og starfsmönnum slíkra samtaka, t.d. ráðunautum og eftirlitsmönnum. Sérstaka áherslu skal leggja á sauðfjárrækt og félag í Strandasýslu.

3.2. Vélar og landbúnaðartæki

Safnað er munum, minjum, myndum og heimildum sem tengjast vélvæðingu landbúnaðarins frá upphafi. Hvað varðar vélar og stærri tæki er ætlunin að setrið eignist nokkur vel valin eintök sem eru dæmigerð fyrir sögu vélvæðingar og varpa ljósi á þróun hennar á Ströndum. Einnig er safnað munum og heimildum um sérstakar tækninýjungar sem hafa haft sérstakt gildi fyrir landbúnaðinn og dagleg störf fólks í sveit. Einnig er lögð áhersla á söfnun upplýsinga um áhrif tækninýjunga á landbúnað, sérstaklega sauðfjárþúska, og breytingar sem þær hafa haft í för með sér.

3.3. Heimilishald

Safnað er munum, myndum og upplýsingum sem varpa ljósi á daglegt líf bænda á Ströndum fyrr og nú. Breytingum á högum þeirra samfara vélvæðingu og mikilli þróun í skýrsluhaldi varðandi sauðfjárþúska á 20. og 21. öld eru gerð skil.

3.4. Ljós- og prentmyndir

Safnað er ljósmyndum og eftirtökum mynda af öllu sem viðkemur sögu sauðfjárþúska, byggðasögu og mannlífi á söfnunarsvæðinu. Hér með talið eru kvikmyndir og myndbönd. Hafa skal samvinnu við aðrar safnastofnanir eða fagaðila um varðveislu og flokkun ljósmynda og kvikmynda, þannig að ávallt verði tryggt að varðveisluskilyrði séu eins og best verður á kosið.

3.5. Skjöl og pappírgögn

Safnað er skjölum og pappírgögnum sem hafa þýðingu fyrir sögu sauðfjárbúskapar á Ströndum, rekstur búnaðar- og sauðfjárræktarféлага og annarrar starfsemi sem tengist sauðfjárbúskap og snertir sögu og sérstöðu svæðisins á einhvern hátt. Skjöl og pappírgögn skulu geymd við öruggar aðstæður og aðeins meðhöndluð undir eftirliti þar til bættra manna. Stefnt er að samvinnu við Héraðsbókasafn Strandasýslu og væntanlegt Héraðsskjalasafn um varðveislu frumskjala af svæðinu.

3.6. Bækur, viðtöl og skáldskapur

Safnað er frásögnum og viðtölum um sauðfjárbúskap og atburði sem tengjast sögu sauðfjárbúskapar á söfnunarsvæðinu. Litið er til samstarfs við Héraðsbókasafn Strandasýslu um söfnun og varðveislu sagnfræðiritra, ævisagna, skáldsagna og annars prentaðs efnis í samræmi við söfnunarsvið. Safnið skal jafnan vinna að og viðhalda ritaskrá um efni sem varða starfsvið safnsins.

3.7. Flokkar utan söfnunarstefnu safnsins

Halda skal uppi góðu samstarfi við samstarfsaðila safnsins um varðveislu muna og minja. Vísa skal til annarra safna munum og upplýsingum eins og við á og jafnframt benda öðrum söfnum á upplýsingar og muni sem tilheyra þeirra söfnunarsviði. Af öðrum söfnum af svipuðum toga má nefna Landbúnaðarsafn Íslands á Hvanneyri og Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi. Safn sem söfnunarsvæði skarast við er Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna á Reykjum í Hrútafirði,

Af flokkum sem falla utan söfnunarstefnu Sauðfjársetursins má nefna að ekki er safnað munum eða heimildum úr öðrum greinum landbúnaðar nema augljós tengsl séu við sauðfjárbúskap Strandamanna.

4. Aðferðir við söfnun, forvörslu og grisjun

4.1. Aðferðir við söfnun

Safnið tekur á móti gripum sem bjóðast, auk þess að auglýsa eftir og safna munum sem falla undir söfnunarstefnuna. Leitað er markvisst eftir munum sem safnið telur sig þurfa að eignast. Safnið getur keypt muni ef stjórn safnsins samþykkir kaupin.

4.2. Móttaka og skráning gripa

Safnið skal leitast við að skrá alla muni í skráningarkerfið Sarp. Lögð er áhersla á nákvæma skráningu nýrra aðfanga og að eldri skráningar og óskráðir munir verði færðir inn í gagnagrunninn sem fyrst.

Kvittun er gefin við afhendingu safngripa, undirrituð af starfsmanni safnsins. Á henni skal koma fram hver afhendir og hvaða gripi. Við móttöku skal skrá niður eins nákvæmlega og hægt er allar upplýsingar sem fá má um gripina, hver afhendir og einnig eigenda- og framleiðslusaga gripanna, notkun þeirra og feril. Skrá skal alla muni í aðfangabók, þar sem fram kemur komudagur þeirra og hver það er sem afhendir.

4.3. Forvarsla og meðferð gripa

Þegar tekið er við grip er hann hreinsaður ef með þarf, skráður og búið um hann til geymslu eða sýningar. Safnvörður skal hafa í huga að hægt er að ráðfæra sig við forverði Þjóðminjasafns Íslands og ber að gera það undantekningarlaust ef vafaatriði koma upp um forvörslu, lagfæringu eða meðferð á safngrip.

Ef safnið getur ekki varðveitt grip í þeim húsakynnum sem það hefur yfir að ráða, skal afþakka hann og benda á annað safn eða koma honum fyrir á öruggum stað, með sérstökum skriflegum samningi, þangað til safnið getur tekið hann í sína vörslu.

4.4. Grisjun

Ætíð skal leitast við að haga móttöku muna þannig að komist verði hjá grisjun. Munum sem hafa verið skráðir í safnið má ekki farga nema í undantekningartilfellum; vegna skemmda, vegna falsaðs hluts eða rangrar greiningar, vegna mikils fjölda eintaka af hlutum eða ef þeir teljast ekki varðveisluverðir. Skal ævinlega leita ráða fagfólks áður en ákvörðun um förgun er tekin. Ákvarðanir um förgun eða langtímalán skulu einnig samþykktar af stjórn safnsins. Langtímalán er betri kostur en grisjun, ef

stjórn safnsins telur að gripir samrýmist ekki söfnunarstefnu eða séu betur komnir á öðru safni.

4.5. Millisafnalán

Safnið getur lánað til annarra safna og fengið að láni muni til sýninga eða rannsókna með samningum sem báðir aðilar samþykkja. Þar koma fram ákvæði um lánstíma og meðhöndlun muna og minja.

5. Sýningarstefna

5.1. Innihald sýninga

Fastasýning Sauðfjársetursins tengist söfnunarstefnu þess og skal leitast við að gefa gott yfirlit um sauðfjárþúska á henni. Sýningin er unnin út frá þeim efnisflokkum sem mest áhersla er lögð á við söfnun muna, þ.e. þúskaþátta sem tengjast sauðkindinni og lífi sauðfjárþúska í gegnum aldirnar, með áherslu á Strandasýslu.

Sýningin skal jafnan vera skemmtileg og fræðandi og við hæfi allra aldurshópa. Leitast skal við að nota gagnvirkni og stafræna miðlun til að efla sýninguna og glæða viðfangsefni hennar enn frakara lífi. Lifandi og skemmtilegt barnahorn þar sem börn geta leikið sér og fræðst um líf og störf þúska skal vera á sýningunni, sem og vísindahorn þar sem fólk getur m.a. skoðað hluti í víðsjá og lesið líflegar útskýringar á ýmsum fræðilegri og vísindalegri hliðum sauðkindarinnar og þúskaþátta.

Sérsýningar skulu vera settar upp reglulega, a.m.k. ein á hverju sumri. Þær skulu samræmast og uppfylla markmið Sauðfjársetursins, þeim er sjá má í stofnskrá safnsins.

6. Fræðslustefna

6.1. Almenn

Með sýningum safnsins er lögð áhersla á að fræða fólk um ákveðna þætti sauðfjárþúska og mannlífs í sveitum. Með því móti er sýningargestum gert kleift að skyggjast inn í sögu þjóðarinnar, leggja mat á fortíð og samtíð og víkka sjóndeildarhringinn, hvort sem horft er til baka eða til framtíðar. Áhersla er lögð á miðlun þekkingar milli kynslóða.

6.2. Safnkennsla

Safnkennsla skal standa til boða á sýningu safnsins og leggja skal áherslu á gerð vandaðs efnis til safnkennslu og samvinnuverkefni með skólum í nágrenninu. Skólahópum verður sköpuð viðunandi aðstaða til verkefnavinnu og athygli kennara og nemenda vakin á möguleikum þeirra til að nýta sér safnið og fróðleiksvef þess við hinar ýmsu rannsóknir. Vefsetur með fróðleik skal þróað jafnhliða sýningunni og þeim fróðleik skal miðlað á eins mörgum tungumálum og kostur er.

6.3. Rannsóknir og útgáfa

Stefnt er að því að gefa út fræðsluefni í prentuðu og tölvutæku formi um þá þætti sem lögð er áhersla á í sýningarhaldi. Stuðlað verður að útgáfu efnis, sér í lagi bóka og sjónrænna heimilda á árunum 2013-2016 sem tengjast rannsóknarvinnu sem fer fram á vegum safnsins eða í samstarfi við það.

6.4. Samstarf

Viðhalda skal góðri samvinnu við menningarstofnanir og ferðaþjóna á svæðinu og í nágrennabyggðalögum eftir því sem kostur er hverju sinni. Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna á Reykjum í Hrótafirði er formlegur samstarfsaðili Sauðfjársetursins. Það samstarf skal efla eftir því sem kostur er. Þá skal efla samstarf við skóla í héraðinu eftir því sem kostur er og skal Sauðfjársetrið eiga frumkvæði að samvinnu við grunnskólana.